Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Mál nr. 178/2020

21. september 2020

Umsögn Samorku um um hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB - Forgangsmál 2020-2021

Með vísan í umsagnarbeiðni í Samráðsgátt stjórnvalda frá 7. september síðastliðnum, þá veita samtökin hér umsögn sína.

Í umsagnarbeiðninni kemur fram að tilgangur þess sé að „auka skilvirkni í þátttöku Íslands í EES-samstarfinu og ákveða hvernig hagsmunagæslu af Íslands hálfu verði best háttað á afmörkuðu tímabili“. Samorka tekur undir mikilvægi þess að auka skilvirkni hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB og fagnar því að stjórnvöld leggi áherslu á málið og sérlega að það sé nálgast í víðu samráði við hagsmunaaðila.

Þá kemur fram að málaflokkarnir sem settir voru í forgang séu: „matvælaöryggi, orkumál, loftlagsmál og umhverfismál, samgöngumál, jafnréttismál, fjármálastarfsemi, upplýsingatæknimál, peningaþvætti, rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning, lyfjamál og vinnumarkaðurinn.“ Samorka tekur vel í þessa málaflokka og fagnar því vægi sem orkumál, loftslagsmál og umhverfismál fá hjá stjórnvöldum í þessari umfjöllun.

Samorka hefur sérstakar athugasemdir um 2 mál í listanum, en samtökin munu fylgjast áfram með ýmsum málum á listanum og eru tilbúin til samstarfs um þau, t.d er varðar græna fjármögnun, kröfur til hreinorkubifreiða og fleira.

Tilskipun um neysluvatn:

Samorka tekur undir mikilvægi þess að málið sé á forgangslistanum og kallar eftir því að stjórnvöld standi fyrir víðtæku samráði um tilskipunina í heild sinni og innleiðingu hennar. Þar leggja samtökin til að stofnaður verði vinnuhópur hagsmunaðila sem myndi fara yfir málið og móta áherslur í því. Fyrirkomulag vatnsveitumála á Íslandi er um margt öðruvísi en á meginlandi Evrópu og því mikilvægt að horfa til þess að koma sjónarmiðum Íslands vel á framfæri.

Hagsmunagæsla og aðlögum í tengslum við regluverk vegna orku- og loftslagsstefnu til 2030; tilskipun um orkunýtni & Græni evrópski sáttmálinn

Fram kemur í greinargerðinni um orku- og loftslagsstefnuna að „gæta þarf að hagsmunum og sérstöðu Íslands, sem eru verulegir á sviði orkummála, þar sem raforkuframleiðsla á Íslandi kemur nær eingöngu frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Nauðsynlegt er að fylgjast grannt með orkulöggjöf sem er í mótun og tryggja að upptaka hennar í EES samninginn falli að ýtrustu hagsmunum Íslands“. Samorka tekur heils hugar undir þetta og hvetur stjórnvöld til að horfa til þess hvaða ákvæði þeirra tilskipanna og reglugerða sem undir eru, eigi ekki við Ísland.

Samorka minnir einnig á að málið snýst um alla þætti orkumála: Framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku & starfsemi hitaveitna. Varðandi hitaveitur er t.d ýmis ákvæði í pakkanum, sem að leggja þarf mat á hversu vel eigi við hérlendis. Samorka fagnar því að stjórnvöld séu með þessi mál í forgangi. Þar er jákvætt að horft sé til víðtækrar samvinnu við alla hagsmunaaðila og eru samtökin tilbúin í slíka samvinnu um málið.

Að síðustu þá þakkar Samorka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og eru samtökin tilbúin til að koma að vinnu þess í framhaldinu. Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.